



Aðalfundargerð frá 23. apríl 2025

Sæl öll

hér er fundargerðin frá aðalfundi félagsins sem haldinn var í apríl s.l.

Aðalfundur Íslenska búta- og húsnáðsfélagsins 2025 var haldinn 23. apríl í salnum Sléttunni, Sléttuvegi 23, 108 Reykjavík, kl. 19:30. Fundinn sátu 26 félagsmenn og einn gestur.

Formaður, Ásdís Finnsdóttir, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundarstjóri, fundarritari og lögmæti fundarins.

Ásdís stakk upp á Margréti Óskarsdóttur sem fundarstjóra og Huguínu Björk Hafliðadóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Til fundarins var boðað með löglegum fyrirvara og telst því löglegur.

2. Skýrsla stjórnar.

Ásdís gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og var hún samþykkt af fundarmönnum.

3. Reikningar félagsins.

Gjaldkeri, Kristín Björk Erlendsdóttir skýrði endurskoðaða reikningana sem voru bornir upp. Engar athugasemdir voru gerðar og voru þeir samþykktir.

4. Félagsgjald.

Árgjaldið er nú 5.500.- og helst óbreytt.

5. Skýrslur nefnda.

Engar skýrslur í ár.

1. Ritnefnd.
2. Hetjuteppanefnd.
3. Sýningarnefnd.
4. Fræðslunefnd.
5. Ferðanefnd
6. Góðgerðarnefnd

6. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingatillögur.

7. Kosning formanns.

Hugrún Björk Hafliðadóttir var kosin með lófaklappi.

8. Kosning tveggja meðstjórnenda.

Álfheiður Sigfúsdóttir og Ingibjörg Halldórsdóttir voru kosnar með lófaklappi.

9. Kosning varamanns.

Sunna Reyur Sigurjónsdóttir var kosin varamaður 2025-2027.

10. Skoðunarmenn reikninga.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir og Pálína Árnadóttir voru kosnar skoðunarmenn 2025-2026.

11. Kosning í nefndir:

Fræðslunefnd:

Ásta Kristín Siggadóttir,
Jófríður Benediktsdóttir og
Halldóra Þormóðsdóttir.

Ferðanefnd:

Kristín Björk Erlendsdóttir,
Sigríður Poulsen,
Olga Magnúsdóttir og
Jóhanna Finnbogadóttir

Góðgerðarnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir,
Svala Krístrún Stefánsdóttir og
Sunna Rey Sigurjónsdóttir.

Hetjuteppanefnd:

Dagbjört Guðmundsdóttir,
Guðný Kjartansdóttir og
Kristín Lára Magnúsdóttir.

Kaffinefnd:

Valið verður í kaffinefnd á fyrsta fundi í haust.

Ritnefnd:

Vigdís Stefánsdóttir,
Margrét Óskarsdóttir,
Ragnheiður Björnsdóttir,
Svala Kr. Stefánsdóttir og
Sigrún Sveinbjörnsdóttir.

Sýningarnefnd:

Ragnheiður Björnsdóttir,
Margrét Óskarsdóttir,
Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
Fanney Davíðsdóttir og
Dagbjört Guðmundsdóttir.

12. Önnur mál:

1. Rætt var um góðgerðarverkefnið og hvar félagsmenn hafa skilað þeim af sér. Ingibjörg Guðjónsdóttir ræddi um að hún fer alltaf beint á LSP með drenpoka og hjartapúða. Margir hafa farið með verkin til Vigdísar Stefánsdóttur (í góðgerðarnefnd) sem hefur haft milligöngu með skil á þeim til spítalans. Jóhanna Aðalsteinsdóttir sagði frá því að konur á Vestfjörðum hafa leitað til Vigdísar.
2. Álfheiður Sigfúsdóttir vakti athygli á Facebook síðu félagsins og að það væru tvær síður virkar með nafni félagsins sem vekur rugling. Félagið er ekki að nota aðra þeirra og mun Ásdís formaður ræða við Önnu Margréti Árnadóttur stofnanda síðunnar hvað hægt er að gera. Ásdís sagði einnig frá því að nýjar reglur á Facebook gera það að verkum að samþykka þarf allar færslur inn á félagssíðuna áður en þær birtast. Ef færslur koma ekki fram þarf að láta hana vita.
3. Sunna Reyf Sigurjónsdóttir sagði frá og sýndi EQA „Flower Power“ verkin frá árinu 2023 sem eru níu talsins. Á árinu 2024 fóru þrjú verk frá Íslandi í EQA áskorunina „Imaging a bird“. Í ár, 2025, er EQA með þemað „Contrast“ og er eitt verk komið enn sem komið er. Mjög gaman er að standa á sýningunni og sjá verkið sitt. Tekið er fram að þetta er áskoðun en ekki samkeppni.
4. Ragnheiður Björnsdóttir vildi koma á framfæri að samskipti milli stjórnar og sýningarnefndar þurfi að vera meiri. Sýningarnefndin auglýsti samkeppni um bútaþaumsverk í tengslum við fyrirhugaða sýningu en enginn félagsmaður virðist vera að sauma kött, sem er þema samkeppninnar. Ragnheiður óskar eftir fleiri fræðsluerindum á fundum.

5. Ragnheiður Björnsdóttir ræddi um að skrá þarf öll góðgerðaverkefni ef halda á til haga hversu mikið er gert. Hetjuteppin eru skráð vel og vandlega.

6. Gyða Sigfúsdóttir vakti athygli á því að núna nýlega var gott fræðsluerindi um Shasiko saumaaðferðina.

13. Fundarritari las upp fundargerð fundarins sem var samþykkt með lófataki.

14. Ásdís formaður sleit fundi. Fundi slitið kl: 20:36.

Fundarritari

Hugrún Björk Hafliðadóttir